

92. stjórnarfundur Bergrisans bs.

23.3.2026

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 14:30.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Eggert Valur Guðmundsson, Elliði Vignisson og Ása Valdís Árnadóttir. Sandra Sigurðardóttir boðaði forföll.
Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Íris Ellertsdóttir.

Dagskrá

1. Fundargerðir þjónusturáðs

Verkefnastjóri kynnir fundargerðir þjónusturáðs númer 197 og 198. Eftirfarandi er lagt fram til frekari umræðu:

1.a. Beiðni um aukningu á tímafjölda í NPA samningi – 105466 (mál nr. 5-197)

Þjónusturáð leggur til við stjórn að samþykkja aukningu á tímafjölda í NPA samningi fyrir notanda með auðkenni 105466. Aukningin nemur 1 klukkustund á dag eða úr 191 klukkustund á mánuði í 222 klukkustundir á mánuði. Kostnaður miðað við núverandi tímagjald NPA samninga er áætlaður 21.831.912 kr. á ári og telst sjálfbær miðað við fjárframlög með þjónustunni.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

1.b. Beiðni um aukningu á tímafjölda í NPA samningi – 105467 (mál nr. 6-197)

Þjónusturáð leggur til við stjórn að samþykkja aukningu á tímafjölda í NPA samningi fyrir notanda með auðkenni 105467. Aukningin nemur 1 klukkustund á dag eða úr 191 klukkustund á mánuði í 222 klukkustundir á mánuði. Kostnaður miðað við núverandi tímagjald NPA samninga er áætlaður 21.831.912 kr. á ári og telst sjálfbær miðað við fjárframlög með þjónustunni.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

1.c. Beiðni um endurskoðun á starfsheiti (mál nr. 3-198)

Lögð er fram beiðni um endurskoðun á starfsheiti stjórnanda Viss í Ölfusi.

Stjórn vísar málinu til Verkefnastofu starfsmats og óskar eftir endurmati á starfið.

1.d. Sumaropnun á Viss (mál nr. 4-198)

Forstöðuproskajálfri Viss leggur fram tillögu um að sumarlokun á Viss í Árborg verði tvær vikur árið 2026 í stað fjögurra vikna eins og verið hefur undanfarin ár. Starfsmenn munu samt sem áður áfram taka sér fjögurra vikna frí. Um prufuverkefni er að ræða og verður breytingin metin eftir sumarið og skoðað hvernig til tókst, bæði gagnvart Viss sem og búsetuúrræðum.

Stjórn staðfestir tillöguna.

1.e. Beiðni um hlutdeild Bergrisans í kostnaði við stoðþj. – 101767 (mál nr. 10-198)

Óskað er eftir greiðsluáttöku Bergrisans í sex mánuði vegna stoðþjónustu frá Ylfu. Um er að ræða verulega sértæka þjónustu á heimili einstaklings þrisvar sinnum í viku. Kostnaður er ætlaður 1.103.400 á mánuði.

Stjórn staðfestir niðurstöðu þjónusturáðs og samþykkir beiðnina.

Stjórn staðfestir fundargerðir þjónusturáðs að öðru leyti.

2. Erindi frá Sólheimum um aukið framlag vegna 2026

Sólheimar hafa sent inn erindi til stjórnar Bergrisans um aukið framlag vegna 2026.

Stjórn felur starfsmönnum Bergrisans að undirbúa stjórnáætlun og rekstrarúttekt á Sólheimum í Grímsnes- og Grafningshreppi, sem unnin verði af óháðum ytri aðila. Markmið úttektarinnar er að fara yfir núverandi stöðu stjórnskipulags og rekstrar með hliðsjón af þeim breytingum sem þegar hefur verið ráðist í eða eru fyrirhugaðar, leggja mat á hvort tilefni sé til frekari breytinga og skapa grundvöll fyrir afstöðu til beiðni Sólheima um aukin fjárframlög.

3. Innsent erindi

Lagt er fram uppfært erindi þar sem óskað er eftir svörum við ýmsum spurningum tengt Bergrisanum. Beiðanda var leiðbeint um að fyrri framkomin beiðni bæri með sér að vera almenn fyrirspurn frekar en beiðni um tiltekin gögn eða upplýsingar og því væri ekki hægt að svara henni að svo stöddu og óskað eftir því að beiðnin yrði betur afmörkuð, í samræmi við 3. mgr. 15. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Þann 2. mars sl. barst Bergrisanum uppfærð upplýsingabeiðni og felur stjórn Lögmönnum Suðurlandi að svara framkomnu erindi innan 30 virkra daga frá því að beiðnin barst Bergrisanum, í samræmi við málshraðareglu 17. gr. upplýsingalaga.

4. Ársreikningur 2025

Ársreikningur 2025 var lagður fyrir stjórn til kynningar og samþykktar.

Tekjur voru um 4,9 milljarður sem var umtalsvert yfir áætlun sem var 4 milljarðar. Skýrist munurinn aðallega á auknu framlagi vegna sértækrar þjónustu við börn ásamt því að sökum óvissu haustið 2024 var tekjum Jöfnunarsjóðs stillt í hof í áætlun ársins.

Gjöld voru áætluð 3,8 milljarðar en enduðu í 4,4 milljörðum. Aukin gjöld skýrast aðallega af sértækri þjónustu við börn á móti auknu framlagi.

Niðurstaða ársins var jákvæð um 554 mkr en áætlun hafði gert ráð fyrir 256 mkr afgangi. Verður þessi afgangur nýttur til að auka við nauðsynlega þjónustu og stytta biðlista, en ekki er langt síðan sveitarfélög þurftu að leggja viðbótarfé til Bergrisans. Er því tækifæri til að bæta í þjónustuna þar sem þörf hefur verið á og felst það m.a. í fjölgun á búsetuúrræðum, breytingu á skammtímadvöl bæði fullorðinna og barna o.fl.

Stjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða.

5. Önnur mál

Verkefnastjóri kynnti stöðu gæðaeftirlits og framhald á því á starfssvæði Bergrisans.

Fundi slitið klukkan 16:00.

Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir

Elliði Vignisson

Bragi Bjarnason

Eggert Valur Guðmundsson